

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis,
skrifstofu Alþingis, nefndasvið,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 24. maí 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á ákvæðum laga um dómstóla, lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála (endurupptökudómur), þingskjal 627, 422. mál, 148. löggjafarþing.


Með tölvupósti sem sendur var endurupptökunefnd þann 23. apríl sl. óskaði nefndasvið Alþingis umsagnar endurupptökunefndar um frumvarp til breytinga á ákvæðum laga sem snúa að endurupptöku dómsmála. Samkvæmt frumvarpinu er ráðgert að setja á laggirnar endurupptökudómstól er taki beiðnir um endurupptöku dómsmála til meðferðar. Ráðgert er að dómstóllinn verði skipaður fjórum dómurum, einum dómara af hverju dómstigi og skal sá fjórði skipaður samkvæmt tillögu dómnefndar sem starfar skv. III. kafla laga um dómstóla nr. 50/2016, en hann má ekki koma úr hópi embættisdómara né vera starfsmaður dómstóls.

Í athugasemdum við frumvarpið er þess m.a. getið að tekið sé mið af þeirri stefnu sem mörkuð var með lögum nr. 15/2013, sem laut að því annars vegar að miðað væri að því að koma í veg fyrir að dómarar tækju einir ákvörðun um hvort dómsmál skyldu tekin upp að nýju og hins vegar laut að því að tryggja að endurupptökuférlíð væri eins gagnsætt og kostur er.

Endurupptökunefnd vill einkum koma á framfæri ábendingum er varða þessi atriði. Að mati endurupptökunefndar þjónar það vart því markmiði að eyða tortryggni í garð úrlausna dómsins ef meirihluti dómsins kemur úr röðum embættisdómara. Sýnist sú skipan bjóða upp á þá gagnrýni á úrlausnir dómsins að embættisdómarar væru í varðstöðu um gengna dóma.

Sé stefnt að því að eyða tortryggni á grundvelli slíkra sjónarmiða er það mat endurupptökunefndar að betur færi á því að allir dómarar við endurupptökudómstóllinn væru aðrir en embættisskipaðir dómarar, a.m.k. telur nefndin ekki nægjanlegt að einungis einn af fjórum dómurum hins nýja dómstóls komu úr röðum annarra en dómara. Nefndin leggur þó ekki til að dómurum við dómstóllinn verði fjölgað. Að mati nefndarinnar, sem byggir á reynslu nefndarmanna af úrlausn mála fyrir nefndinni, er nægjanlegt að þrjár dómarar dæmi í hverju máli.

F.h. endurupptökunefndar


Haukur Örn Birgisson formaður